



05.11.2024

Góðan daginn

Við í Skeiða- og Gnúpverjahreppi óskum eftir viðtæku samstarfi nágrannasveitarfélaganna með að halda ungmennafélag fyrir ungmennin okkar. Áætlum við að miðað sé við starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Með þessu erindi erum við að leggja til að sameiginlega verði staðið að góðu og málefnalegu málþingi þar sem allir nemendur/ungmenn á umræddu svæði komi saman, eigi lýðræðislegt samtal um sín málefni, móti ályktanir og tillögur sem sveitarfélögin taki síðan til sín. Hugmyndin er að halda þing með þjóðfundarsniði, þ.e. þátttakendum er skipt í hópa á borð þar sem málefni eru rædd og sem fundarritari á hverju borði skráir.

Óskað er einnig, í þessu samhengi, eftir samstarfi við ungmennaráð umræddra sveitarfélaga og félagsmiðstöðvarnar.

Með von um góð viðbrögð

Vilborg Ástráðsdóttir form. skólanefndar
Magnea Guðmundsdóttir form.ungmennaráðs
Hrönn Jónsdóttir þjónustufulltrúi